



Til stéttarféлага starfsmanna ríkisins og heildarsamtaka þeirra

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhváli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík 17. október 2006
Tilv.: FJR06090039/201

Efni: Starfsumhverfi ríkisstarfsmanna kortlagt

Erindi þessa bréfs er að kynna viðamikla könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna, sem nú er í undirbúningi. Könnunin, sem er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands og ParX viðskiptaráðgjafar IBM, mun kanna viðhorf starfsmanna ríkisins til eigin starfsumhverfis, auk þess sem forstöðumenn verða sérstaklega spurðir um starfsmannamál sinna stofnana. Áætlað er að þátttakendur verði um 12.000 starfsmenn úr öllum ráðuneytum og um 150 stofnunum, en skilyrði er að starfsmenn stofnunar séu a.m.k. 20 og að viðkomandi sé í 50% starfshlutfalli eða meira.

Könnunin mun gefa mikilvægar upplýsingar um stöðu starfsmannamála hjá stofnunum ríkisins sem munu nýtast bæði ráðuneytum og stofnunum við mótun áherslna í starfsmannamálum og við áframhaldandi þróun stjórnunaraðferða. Um sambærilega könnun er að ræða og framkvæmd var árið 1998 þar sem niðurstöður voru gefnar út í riti fjármálaráðuneytisins um starfsumhverfi ríkisstarfsmanna við aldarhvörf. Könnunin mun því gefa mikilvægan samanburð um hvernig starfsumhverfi ríkisstarfsmanna og stjórnun stofnana hefur breyst á tímabilinu, auk þess sem mat fæst á áhrifum nýjunga eins og nýju launakerfi, árangursstjórnun, o.fl.

Tækifæri fyrir starfsmenn og stéttarfélög

Þátttaka í könnuninni er kjörð tækifæri fyrir starfsmenn ríkisstofnana til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri hvað varðar starfsumhverfið, stjórnun og aðra þá þætti sem hafa áhrif á árangur og líðan þeirra í starfi. Niðurstöður munu veita stjórnendum upplýsingar um þá þætti sem brýnast er að takast á við til að bæta og þróa starfsumhverfið. Því er mikilvægt að sem flestir gefi sér tíma til að svara spurningalistanum og tryggja um leið sem áreiðanlegastar niðurstöður.

Trúnaður og nafnleynd

Könnunin verður að mestum hluta lögð fyrir á netinu með vefkönnunarforritinu Outcome og munu öll svör berast beint til ParX viðskiptaráðgjafar IBM. Farið verður með öll gögn sem algjört trúnaðarmál og munu ráðuneytin og stjórnendur stofnana ekki hafa aðgang að gagnasafninu. Þegar þátttakendur hafa lokið að svara könnuninni slítur könnunarhugbúnaðurinn í sundur netfang og svörin svo ekki er hægt að rekja saman svör og einstaklinga. Þeir sem svara könnuninni á pappírformi senda að sjálfsgöðu inn nafnlausan lista sem ekki er hægt að rekja til

einstakra þátttakenda. Þá er vert að undirstrika að niðurstöðurnar verða aldrei greindar eftir fleiri en einni bakgrunnsbreytu í einu (t.d. kyn, aldur, o.s.frv.).

Góð þátttaka er lykilatriði

Könnunin verður lögð fyrir 6. – 17. nóvember næstkomandi. Þar sem um rafræna fyrirlagningu er að ræða er mjög auðvelt að spurningalistinn tynist í daglegu amstri. Því er mjög mikilvægt að þátttakendur gefi sér tíma til að svara könnuninni sem fyrst eftir að hún berst, en áætlað er að það taki um 20 mínútum að svara spurningalistanum. Hafa ber í huga að góð þátttaka skilar sér í marktækari niðurstöðum.

Þess vegna leitum við eftir stuðningi ykkar, þ.e. stéttarfélaga og heildarsamtaka, í kynningu á könnunni, t.d. með frétt eða kynningu á vefsíðum ykkar, í fréttablöðum, á fundum o.þ.h.

Sérstök vefsíða með upplýsingum um könnunina hefur verið sett upp sem nýta má til efnisöflunar, en síðan er aðgengileg á forsiðu vefs fjármálaráðuneytisins (fjarmalaraduneyti.is) undir „áhugavert efni“.

Nánari upplýsingar veita eftirtaldir aðilar:

Hjá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins

Hrund Sveinsdóttir, netfang; hrund.sveinsdottir@fjr.stjr.is, sími; 545-9343

Sverrir Jónsson; netfang; sverrir.jonsson@fjr.stjr.is, sími; 545-9339

Hjá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála

Lilja Þorgeirsdóttir, netfang; liljath@hi.is, sími; 525-4721

Hjá ParX viðskiptaráðgjöf IBM

Arndís Ósk Jónsdóttir, netfang; arndis.o.jonsdottir@parx.is, sími; 580-4367